

AUGLÝSING

um niðurfellingu Norðurlandasamnings um samgöngumál.

Með tilkynningu 13. apríl 1995 sagði Noregur upp aðild sinni að Norðurlandasamningi um samstarf á sviði flutninga og samgangna frá 6. nóvember 1972, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 23/1972 og 4/1973.

Í samræmi við 15. gr. samningsins fellur hann úr gildi 31. desember 1995. Jafnframt fellur úr gildi samkomulag um breytingu á samningnum frá 15. júní 1983, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 16/1983 og 1/1984.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 31. júlí 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Róbert Trausti Árnason.

AUGLÝSING

um gildistöku alþjóðasamnings um viðbúnað og viðbrögð gegn olíumengun og samstarf þar um, 1990.

Hinn 13. maí 1995 öðlaðist gildi alþjóðasamningur frá 30. nóvember 1990 um viðbúnað og viðbrögð gegn olíumengun og samstarf þar um, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 16/1993 þar sem samningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 31. júlí 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Róbert Trausti Árnason.

AUGLÝSING

um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Búlgaríu.

Sameiginleg nefnd EFTA og Búlgaríu tók á árinu 1994 eftirfarandi ákvarðanir um breytingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Búlgaríu frá 29. mars 1993, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 2/1995, og öðluðust þær gildi sem hér segir:

Nr.	Dags.	Efni	Gildistaka
1/94	01.06.94	Starfsreglur nefndarinnar	01.06.94
2/94	01.06.94	Stofnun undirnefndar sem fer með tolla- og upprunamál	01.06.94
3/94	01.06.94	Breytingar og leiðréttingar á tæknilegum villum í viðaukum og bókunum	01.06.94
4/94	01.06.94	Undanþága frá ákvæði 23. gr. bókunar B	01.07.94